

Nd.

683. Nefndarálit

[124. mál]

um till. til þál. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar skamma stund. Málinu var vísað til nefndarinnar s.l. laugardag, 30. apríl. Efni tillögunnar er það að fela samgönguráðherra að gefa út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur. Einnig er ráðherra falið að beita sér fyrir því, að sömu aðilar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum.

Lög þau, sem vitnað er í skv. tillögungreininni, eru lög um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti. Voru þau samþykkt á Alþingi 16. maí 1975. Í þeim lögum segir svo: „Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.“ — Hér er m. ö. o. skorað á samgönguráðherra að beita heimild, sem fyrir hendi er í lögum. Í ræðu, sem hæstv. samgönguráðherra flutti í Ed. 25. f. m., kom fram, að hann teldi þessi mál á margan hátt erfið úrlausnar. Jafnframt lýsti hann því yfir, að orðið hefði að samkomulagi milli sín og þriggja annarra ráðherra, er þessi mál heyra undir, að láta fjalla um þau sameiginlega, m. ö. o. hafi fjögur ráðuneyti: fjármála-, menntamála-, samgöngu- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti bundist samtökum um að skípa nefnd hinna færustu manna til að fjalla um þessi mál, sameina alla þætti og finna leið til þess að greiða úr þeim á sanngjarnan og eðlilegan hátt.

Með hliðsjón af framanrituðu og í trausti þess, að fundin verði réttlát lausn á þessum málum hið allra fyrsta, leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Minni hluti nefndarinnar mun væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 3. maí 1977.

Friðjón Þórðarson,
form., frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.

Páll Pétursson.

Stefán Valgeirsson.